

144. löggjafarþing 2014–2015.
Þingskjal x — x. mál.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, með síðari breytingum
(mannanafnanefnd, ættarnöfn o.fl.)

Flm.: Óttar Proppé, Björt Ólafsdóttir, Brynhildur Pétursdóttir, Guðmundur Steingrímsson,
Róbert Marshall, Páll Valur Björnsson.

1. gr.

2. mgr. 1. gr., 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 3. gr. falla brott.

2. gr.

Orðin „þó ekki fleiri en þrjú“ í 1. mgr. 4. gr. falla brott.

3. gr.

5. gr., 2.-5. mgr. 6. gr. og 7. gr. falla brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 2. mgr. 8. gr. verður svohljóðandi: Hver maður skal kenna sig til föður eða móður nema hann kjósi að bera ættarnafn. Manni er enn fremur heimilt að kenna sig til beggja foreldra sinna eða bera ættarnafn til viðbótar því að kenna sig til föður eða móður. Með kenningu til föður eða móður í lögum þessum er einnig átt við kenningu til foreldris barns sem getið er við tæknifrjóvgun samkvæmt ákvæði 2. mgr. 6. gr. barnalaga. Heimilt er að ófeðrað barn sé kennt til afa síns eða ömmu.

b. 4.-7. mgr. 8. gr. falla brott.

5. gr.

9., 10. gr. og 5. mgr. 13. gr. falla brott.

6. gr.

Orðin „sem það á rétt á“ í 6. mgr. 14. gr. falla brott.

7. gr.

15. gr. fellur brott.

8. gr.

Orðin „sbr. 5. mgr. 8. gr“ í 18. gr. falla brott.

9. gr.

20. gr. og 21. – 23. gr. ásamt kaflafyrirsögn falla brott.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2015.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að mannanafnanefnd verði lögð niður og öll ákvæði um hana verði felld brott. Einnig er lagt til að þær kvaðir sem lög um mannanöfn fela í sér varðandi ættarnöfn verði felldar brott. Frumvarpið var lagt fram á 143. löggjafarþingi (þskj. 251), en tekur nú nokkrum breytingum sem felast m.a. í því að ákvæði um að stúlkum skuli gefin kvenmannsnöfn og drengjum karlmannsnöfn verða felld brott og eins ákvæði um að nöfn megi ekki brjóta í bága við íslenskt málkerfi. Þá er lagt til að ákvæði um að nafn megi ekki vera nafnvera til ama verði felld brott.

Meginmarkmið frumvarpsins er að undirstrika þá meginreglu varðandi nöfn og nafngiftir að almennt skuli gert ráð fyrir því að nöfn séu leyfð, að foreldrum sé treyst til að velja börnum sínum nafn og að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar sé virt.

Lög um mannanöfn hafa gilt á Íslandi frá árinu 1914. Áttu þau m.a. að standa vörð um íslensk mannanöfn og mannanafnahefð, takmarka fjölda nafna sem fólk gat heitið og vernda ættarnöfn með því að taka upp gjald til handa þeim sem hugðust taka upp ný ættarnöfn eftir samþykki laganna. Árið 1925 var lögunum breytt í þá veru að ný ættarnöfn voru bönnuð, önnur en þau sem fyrir voru og gátu einungis þeir borið ættarnöfn sem hingað til höfðu gert það og niðjar þeirra. Lengi vel fram eftir 20. öldinni var ákvæðum laganna um ættarnöfn illa framfylgt og einhver ættarnöfn bættust í flóruna án þess þó að heimild væri fyrir þeim í lögum. Ný lög um mannanöfn tóku gildi árið 1991., en þar voru gerðar þær breytingar að gömul ættarnöfn „lögleg og ólögleg“ voru fest í sessi og bann við upptöku nýrra ættarnafna staðfest. Árið 1996 var lögunum breytt á þá leið að erlendir ríkisborgarar sem fá íslenskt ríkisfang fá að halda nafni sínu, en áður var þeim gert að taka upp íslenskt nafn.

Samkvæmt lögum um mannanöfn eru kenninöfn tvenns konar, föður- eða móðurnöfn og ættarnöfn. Ákvæði núgildandi laga um kenninöfn mismuna þegnum landsins eftir ætt og uppruna en samkvæmt þeim er óheimilt að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi. Í 5. mgr. 8. gr. laganna segir að menn, sem bera ættarnöfn við gildistöku laganna, megi bera þau áfram, svo og niðjar þeirra í karlegg og kvenlegg. Ljóst má vera að ákvæði laganna um ættarnöfn standa vörð um rétt tiltekins hóp Íslendinga til að bera ættarnöfn byggð á erfðarétti og verndunarsjónarmiðum sem voru í hávegum höfð í samfélagi sem á lítið skylt við það alþjóðavædda og upplýsta fjölmenningsarsamfélag sem við búum við í dag. Verndunarsjónarmiðin sem búa að baki því að tiltekin hópur Íslendinga hefur leyfi til að bera ættarnafn vegna erfða felur í sér ójafnræði milli þeirra sem hafa þessi réttindi og þeirra sem hafa þau ekki. Hagsmunir almennings af því að búa í frjálsu samfélagi þar sem jafnræði er tryggt er mun ríkari en hagsmunir niðja þeirra fáu sem fengu í krafti forréttinda eða fjárhagslegrar stöðu sinnar að halda og eða velja sér ættarnöfn á síðustu öld. Sé lítið til breytinga á lögunum frá 1996 kemur bersýnilega í ljós að ójafnræðið hefur enn aukist. Þannig er erlendum ríkisborgurum sem fá íslenskt ríkisfang tryggður sá sjálfsagði réttur að halda nafni sínu og ættarnafni, enda er lítið á það sem stóran hluta af sjálfsmynd manneskju að bera nafn. Þannig bætist við annar hópur sem hefur rétt til að bera ættarnöfn við þann sem hefur þennan rétt vegna erfða. Eftir situr hópur fólks sem hefur ekki þessi réttindi og þarf að sækja hann fyrir dómstólum.

Réttur foreldra til að ráða nafni barns síns er mikill og óumdeildur en réttur löggjafans til afskipta af nafngjöfum er að sama skapi takmarkaður. Núgildandi lög um mannanöfn hafa sætt gagnrýni, þá sér í lagi hvað varðar mannanafnanefnd og úrskurði hennar. Dæmi eru um að nöfnum hafi verið hafnað þótt þau eigi sér langa sögu í íslensku samfélagi og tungu og hafi jafnvel tíðkast innan sömu fjölskyldu í margar kynslóðir. Foreldrum á almennt að

treysta til að velja börnum sínum nöfn sem eru þeim ekki til ama. Komi upp tilfelli þar sem vafi leikur á því hvort nafn barns geti orðið því til ama má leiða að því líkur að vandi viðkomandi barns sé meiri en svo að ákvæði laga um mannanöfn og þar af leiðandi mannanafnanefnd séu sá aðili sem eigi að leiðbeina foreldrum í foreldrahlutverkinu. Í barnalögum nr. 76/2003, segir í 1. mgr. 1. gr. að barn eigi rétt á að lifa, þroskast og njóta verndar, umönnunar og annarra réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska og án mismununar af nokkru tagi. Óheimilt sé að beita barn hvers kyns ofbeldi eða annarrar vanvirðandi háttsemi. Einnig segir í 2. mgr. sömu greinar að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess. Þeir aðilar sem hafa umsjón með vernd barna eiga þannig að hafa næga heimild í lögum til þess að grípa til viðeigandi ráðstafana og aðstoða foreldra í sínu foreldrahlutverki komi upp aðstæður þar sem barn hefur hlotið nafn sem sannarlega má teljast því til ama. Í mannanafnaskrá, sem haldið er út af mannanafnanefnd, má glögglega sjá að úrskurðir sem vísa til þess að nafn geti orðið nafnbera til ama eru sárafáir og er það skoðun flutningsmanna frumvarpsins að lög um jafn sjálfsögd mannréttindi eins og réttinn til að heita og bera nafn eigi að vera einföld og fela í sér róttækt traust til foreldra og getu þeirra til að velja barni sínu nafn, sem verði því ekki til ama.

Ákvæði laganna um kvenmannsnöfn og karlmannsnöfn eru tímaskekkja sem þarf að laga. Það er ekki hlutverk löggjafans að skilgreina hvað eru kvenmannsnöfn og hvað karlmannsnöfn. Með því er löggjafinn að takmarka frelsi einstaklingsins til að skilgreina sig og sitt kyn og gera tilraun til þess að hólfa margbreytilegan raunveruleikan niður í form sem hentar ekki mannverunni sem um ræðir hverju sinni.

Íslensk nafnahefð og íslenskt málkerfi er varið með neikvæðum íþyngjandi formerkjum í núgildandi lögum. Með því að fella brott ákvæði þess efnis að nöfn stangist ekki á við íslenskt málkerfi er opnað á möguleikann á því að tungumálið og nöfn þar á meðal fái að taka breytingum og þróast. Vissulega er íslensk nafnahefð fyrirbæri sem á sér rætur í menningu okkar. Menningu okkar sækjum við alls staðar að og þannig á íslensk nafnahefð rætur í danskri, franskri og enskri menningu. Andi þessara tillagna að breytingum á lögum um mannanöfn er frjálsslyndur og leggur áherslu á að fólki sé treyst til að viðhalda menningu og síðum sem hafa merkingu fyrir það sem hluta af stærri heild. Viljinn til þess að standa vörð um hefðir og venjur verður ekki þvingaður upp á fólk með boðum og bönnum. Íslensk tunga og þar af leiðandi nafnahefð dafnar þegar þeim sem hana nota er treyst til að fara með hana án afskipta og íþyngjandi laga sem neyða fólk til þess að sækja rétt sinn fyrir dómstólum til þess eins að fá að heita það sem það vill heita.

Nafn er nátengt sjálfsmynd og sjálfsvitund fólks og varðar fyrst og fremst einkahagi og persónurétt fremur en hagsmuni alls almennings. Í ársbyrjun 2013 féll dómur í héraðsdómi Reykjavíkur í máli ungrar stúlku, Blævar Bjarkardóttur gegn íslenska ríkinu. Í niðurstöðu dómsins segir: “Samkvæmt 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 9. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, á sérhver maður rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta. Í íslenskum rétti hefur verið talið að réttur manns til nafns falli undir ákvæði 1. mgr. 71. gr. enda séu þar um mikilvæg persónuleg réttindi hvers einstaklings að ræða. Þá hefur Mannréttindadómstóll Evrópu viðurkennt í dómaframkvæmd að rétturinn til nafns falli undir 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu en 1. mgr. þess ákvæðis er efnislega samhljóða 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar.” Enn fremur segir þar: “Það er mat dómsins að réttur stefnanda til að bera nafnið Blær sé ríkari en hagsmunir samfélagsins af því að hafna kröfunni en auk þess hefur stefndi ekki fært fram haldbær rök fyrir því að réttindi annarra verði fyrir borð borin verði krafa stefnanda viðurkennd.”

Þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu eru í anda niðurstöðu þessa dóms. Hagsmunir einstaklinga af því að fá að heita nafninu sínu eru ríkari en hagsmunir samfélagsins af því að fólk fái ekki að heita nafninu sínu.